

nð upp á fyrirkomulagi þess. „Gmegið því ekki álfta mig í neinani ábyrgð.“

„Semji okkur ekki, þá er hægurinn hjá að slíta félagskapinn,“ svaraði eg. „Það lítur svo út, Stamford,“ bætti eg við, og horfði einbeittum augum fram-
an í félagi minn. „að þér hafið einhverjar vissar á-
stæður til þess að vilja þvo hendur yðar af máli þessu. Eru skapsmunir manusins þá svo óttalegir, eða hvað? Talið þér beint út af pökunum.“

„Það er ekki létt að lýsa því, sem manni er ó-
skiljanlegt,“ svaraði hann hlajandi. „Holmes er
helzt til of vísindalegur fyrir minn smekk—það geng-
ur næst tilfinningarleysi fyrir öllu. Eg gæti trúað hon-
um til að kvelja úr manni lífið með nýjustu eiturteg-
undum, ekki af mannvouzku, langt frá, heldur blátt
áfram af rannsóknar tillneigingu til þess að fá rétta
og nákvæma hugmynd um verkanir eitursins. Svo
eg ekki geri honum rangt til, þá mundi hann vera jafn
fús til að gera tilraunir þessar við sjálfan sig. Aðal
ástríða hans virðist vera, að fá ákveðna og áreiðan-
lega þekkingu.“

„Og sem ekki er nema alveg rétt.“

„Já; en of langt getur það gengið. Þegar maður
fer að líuberja líkin í líkskurðarstofunni með spýtu, þá
fer það nú að taka á sig nokknd hjákátlega mynd.“

„Berja líkin!“

„Já; til þess að ganga úr skugga um, að hvað
miklu leyti mar verður framleitt á dauðum manni.
Þetta hef eg séð hann gera með mínum eigin
augum.“

„Og þó segið þér hann sé ekki að lara til
lekuis.“